

# Tillögur Húnabyggðar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðíárinu 2022/2023



Blönduósi, 20.1.2023

**Matvælaráðuneytið  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík**

**Efni:** Eyðublað matvælaráðuneytis vegna tillögu sveitarstjórnar Húnabyggðar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðíárinu 2022/2023

## **Eyðublað matvælaráðuneytis vegna tillögu sveitarstjórnar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðíárinu 2022/2023**

Til útfyllingar fyrir þau sveitarfélög sem óska eftir að senda inn tillögu að sérstökum skilyrðum.

Ef sveitarfélög óska ekki eftir að sérstök skilyrði verði sett þá er mælst til þess að matvælaráðuneytinu verði send yfirlýsing þess efnis.

Sveitarfélag:	Húnabyggð (áður Blönduós)
Tillaga varðar hluteigandi byggðarlag/byggðarlög:	Tillagan varðar sveitarfélagið Húnabyggð, nú sameinað sveitarfélag Blönduóss og Húnnavatnshrepps.
Dagsetning staðfestingar sveitarstjórnar á tillögu:	Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Húnabyggðar þriðjudaginn 10.1.2023. Sjá fundargerð á : <a href="#">Sveitarstjórn Húnabyggðar - 14. fundur - 10.01.2023   Húnabyggð (hunabyggd.is)</a>
<b>Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>	
Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	Lagt er til að eftirfarandi ákvæði 2. málsgreinar 1.gr. reglugerðar verði fellt úr reglum, þær varða úthlutun til sveitarfélagsins Húnabyggðar:  <i>Heimilt er að úthluta aflamarki byggðarlaga til fiskiskipa, sem uppfylla skilyrði a- og b-liðar og eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang i öðru byggðarlagi en umsókn um byggðakvóta beinist að, ef þeir stunda einnig útgerð með skip sem skráð eru í því byggðarlagi sem þeir hafa heimilisfang í.</i>  1.gr. reglugerðar hljóði þá svona:

# Tillögur Húnabyggðar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðíárinu 2022/2023



	<p>Úthluta skal aflamarki til fiskiskipa sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:</p> <ol style="list-style-type: none"><li>Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, við lok umsóknarfrests.</li><li>Eru skráð í viðkomandi byggðarlagi 1. júlí 2023.</li><li>Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi byggðarlagi 1. júlí 2023. Miðað skal við lögheimili einstaklinga samkvæmt þjóðskrá og heimilisfang lögaðila samkvæmt fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra.</li></ol>
Rökstuðningur varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	Úthlutun byggðakvóta hefur töluverða þýðingu fyrir þá lögaðila sem sannarlega eru með fasta búsetu í sveitarféluginu og stunda útgerð þaðan. Markmið úthlutunar byggðarkvóta er að efla og styrkja útgerðaraðila í sveitarféluginu og þar með sveitarfélagið sjálft í meðal annars fjölbreytni í atvinnuháttum o.s.frv. Sveitarstjórn telur því, eðli málsins samkvæmt að úthlutun sé og verði til einstaklinga/lögaðila sem eru með lögheimili í sveitarféluginu líkt og fordæmi eru fyrir, til þess að styrkja og styðja við útgerðir aðila sem búa og reka fyrirtæki frá Húnabyggð.
<b>Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>	<p><b>Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b></p> <p>Skipting úthlutunar byggðarkvóta verði skipt í two flokka. Annars vegar að úthlutað verði 25% úthlutunar til báta með hlutdeild í innfjarðarrækjuveiðönum í Húnaflóa sk. Húnaflóarækju. Og þá 75% samkv. almennum skilyrðum reglugerðar sem og þeirrar viðbótar sem kann að vera til úthlutunar vegna ónotaðra heimilda síðasta fiskveiðíárs. Hver útgerð sem sækir um byggðarkvóta getur þó átt rétt á úthlutun úr báðum flokkum.</p> <p>Við úthlutun byggðarkvóta verði því gerð sú breyting á forsendum skv. 4.gr. að sá hluti sem úthlutað er til báta með hlutdeild þann 1.september 2022 í innfjarðarrækjuveiðönum á Húnaflóa (40%) verði úthlutuðum heimildum skipt jafnt milli hæfra umsækjenda. Þeim hluta sem úthlutað verði skv. almennum skilyrðum þ.e. úthlutun þess árs auk þeirrar viðbótar sem kann að vera til úthlutunar vegna ónotaðra heimilda í formi byggðarkvóta á síðasta fiskveiðíári verði hins vegar skipt skv. ákvæðum 4.gr. reglugerðarinnar.</p>
Rökstuðningur varðandi breytingu	Sveitarstjórn telur eðlilegt að veita hluta heimilda í formi

# Tillögur Húnabyggðar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðíárinu 2022/2023



viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	byggðarkvóta til þeirra sem þurft hafa að hætta innfjarðarrækjuveiðum sem lögðust af um árið 2000. Í ljósi þess forsendubrests á útgerðarmynstri einstaklinga og eða útgerða sem stunduðu þær veiðar og höfðu lifibrauð af. Það er því mat sveitarstjórnar að úthlutun byggðarkvóta í Húnabyggð falli að hluta til og verði veittur þessum aðilum, hafi þeir stundað rekstur og gert út frá Blönduósi og gera enn.
<b>Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>	
Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	<p>Veitt verði undanþága frá vinnsluskyldu sem tiltekin er í 1.málsgrein 6.gr. reglugerðarinnar. Fiskiskipum verði þó skyldt að landa afla sem skilgreindur er sem heimild í formi byggðarkvóta á Blönduósi og/eða á Skagaströnd.</p> <p>Fiskiskipum er skyldt að landa þeim afla sem telja á til byggðarkvóta innan hlutaðeigandi byggðarlaga á tímabilinu frá 1. september 2022 til 31. ágúst 2023. Til hlutaðeigandi byggðarlaga teljist Blönduóshöfn og/eða í Skagastrandarhöfn. Útgerð/útgerðaraðili hafi heimild til að leggja afla sem teljist til byggðarkvóta á almennann fiskmarkað.</p>
Rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	Sveitarstjórn sveitarfélagsins telur mikilvægt að fallið verði frá þeim skyldum að landað skuli til fiskvinnslu í ljósi þess að engin fiskvinnsla er starfrækt í sveitarfélagini, og hefur ekki verið um langt skeið. Ekki er talin ástæða til þess að gera skilyrði um mótframlag útgerðaraðila og útgerðaraðilum heimilt að landa afla sem teljist til byggðarkvóta og leggja upp á fiskmarkað ef honum sýnist sem svo.

Tillögur sveitarstjórnar sendist rafrænt til matvælaráðuneytis á tölpóstfangið [mar@mar.is](mailto:mar@mar.is).

Virðingarfyllst,  
f.h. Húnabyggðar

Pétur Arason,  
Sveitarstjóri